

Reglur um akstursþjónustu eldri borgara í Hafnarfirði

I. kafli Almennt um akstursþjónustu

1. gr. Markmið

Markmið með akstursþjónustu eldri borgara er að gera eldri borgurum í Hafnarfirði kleift að búa lengur heima, við sem eðlilegastar aðstæður, sbr. X. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

II.kafli Umsókn um þjónustu og skilyrði fyrir þjónustu

2. gr. Umsókn og fylgigögn

Umsókn um akstursþjónustu er aðgengileg á *Minum síðum* á hafnarfjordur.is. Frumumsókn skal fylgja vottorð fagaðila sem staðfestir þörf fyrir akstursþjónustu. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt og verða skilyrðin að vera uppfyllt á meðan umsækjandi fær akstursþjónustu eldri borgara.

- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Hafnarfirði
- Umsækjandi skal vera 67 ára eða eldri
- Umsækjandi skal búa sjálfstætt.
- Umsækjandi skal vera ófær um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar.
- Umsækjandi skal ekki hafa aðgang að eigin bifreið.

Akstursþjónusta er að öllu jöfnu ekki veitt þegar um tímabundna hreyfihömlun er að ræða, s.s. vegna beinbrota og hnáliðaskiptaaðgerða.

Hafi umsækjandi nýtt sér akstursþjónustu fyrir 67 ára aldur, á grundvelli reglna um ferðajónustu fatlaðs folks á hann rétt á að halda þeiri þjónustu áfram. Þeir sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum.

3. gr. Skilgreiningar á ferðum, fjöldi ferða og þjónustusvæði

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka. Hámarksfjöldi ferða er átta ferðir í mánuði. Í undantekningatilvikum er heimilt að veita fleiri ferðir þegar um er að ræða eftirfarandi skilyrði:

- Akstur til að sækja læknismeðferð eða endurhæfingu á sjúkrahúsi eða endurhæfingarstofnun í allt að þrjá mánuði á ári.
- Akstur í dagdvöl aldraðra utan bæjarfélagsins, sé fullreyst að viðkomandi komist ekki í dagdvöl í sínu sveitarfélagi.

4. gr. Gjaldtaka

Gjald fyrir akstursþjónustu eldri borgara skal miðast við gjaldskrá Hafnarfjarðar um akstursþjónustu eldri borgara.

III. kafli **Umsóknir og ferðatilhögur**

5. gr. **Afgreiðsla og mat umsókna**

Umsóknin er metin með hliðsjón af möguleika umsækjanda til að nýta sér almenningssamgöngur og/eða aðra ferðamöguleika.

Umsóknir eru metnar tímabundið í mislangan tíma í senn eftir aðstæðum umsækjanda, þó aldrei lengur en til eins árs í senn.

6. gr. **Ferðatilhögur**

Farþegar hringja í þjónustuver framkvæmdaraðila og panta sér bíl. Farþegar skulu vera tilbúinir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Ekki er beðið á meðan farþegi sinnir erindi sínu. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum.

7. gr. **Akstur í dagdvöl fyrir eldri borgara**

Um akstur í dagdvöl fyrir aldraða fer samkvæmt 3. tl. 13. gr laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra og 2. mgr. 4. gr. reglugerð nr. 1245/2016 um dagdvöl aldraðra er kveður á um skyldu rekstraraðila til að annast um og bera kostnað af flutningsþjónustu fyrir þá sem dagdvölinna sækja, til og frá heimili sínu. Í undantekningartilvikum kemur fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðar að akstri fólks til og frá dagdvöl á kostnað rekstraraðila dagvalarinnar.

8. gr. **Akstur fyrir eldri borgara til og frá stofnunum**

Reglur þessar gilda ekki um akstursþjónustu fyrir aldraða sem eru á stofnunum s.s. hjúkrunarheimilum og þurfa að leita þjónustu utan stofnunarinnar, s.s. sérfræðilæknishjálpar, rannsókna- og sjúkraþjálfunar, sbr. ákvæði 14. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 þar sem fram kemur að slíkum stofnunum beri að tryggja að þar sé veitt hjúkrunar- og læknisþjónusta auk endurhæfingar. Berist hins vegar umsóknir um akstursþjónustu frá einstaklingum sem dvelja á hjúkrunarheimilum eða öldrunarstofnunum eru þær metnar í hverju tilfelli fyrir sig með hliðsjón af þörfum umsækjanda og þeirri þjónustu sem veitt er eða skal veita af viðkomandi stofnun. Í slíkum tilfellum skal kalla eftir greinargerð frá þeirri stofnun sem um ræðir.

IV. kafli **Málsmeðferð**

9. gr. **Upplýsingaöflun og samvinna**

Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti talsmann hans ef við á.

10. gr. **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi eldri borgara skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

11. gr. **Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Starfsmenn fjölskyldu- og barnamálsviðs Hafnarfjarðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs Hafnarfjarðar. Ábendingum eldri borgara varðandi þjónustuna skal beint til fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar.

12. gr.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að fara fram á að fjölskylduráð Hafnarfjarðar fjalli um ákvörðunina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til ráðsins frá því að honum barst vitneskja um ákvörðunina. Fjölskylduráð Hafnarfjarðar skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

13. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs Hafnarfjarðar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun fjölskylduráðs.

14. gr. Gildistaka

Samþykktar af fjölskylduráði 5.júní 2020

Samþykktar af bæjarstjórn Hafnarfjarðar 10.júní 2020

Reglur þessar eru settar með stoð í X. kafla nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.